

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/2381  
komudagur 11.5.2011

Alþingi - Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. maí 2011  
Tilvísun: UST20110400109/ki

**Umsögn - Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, 139. löggjafarþing, 707. mál.**

Með tölvubréfi, dags. 15. apríl 2011, sendi umhverfisnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, 707. mál.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir framangreint frumvarp. Frumvarpið er byggt á tillögum Umhverfisstofnunar sem stofnunin sendi til umhverfisráðuneytis árið 2009. Umhverfisstofnun telur ekki þörf á að gera athugasemdir við frumvarpið enda að meginstefnu í samræmi við tillögur stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun vill þó benda á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðimaður skuli skila inn staðfestingu á að hann hafi lokið verklegu skotprófi fyrir 1. júlí ár hvert. Verði frumvarpið samþykkt á næstunni er ljóst að skammur tími er til stefnu til að uppfylla framangreint skilyrði. Umhverfisstofnun leggur því til að bráðabirgðaákvæði verði bætt við frumvarpið þar sem fram komi að 2., 3. og 4. mál. 1. mgr. frumvarpsins taki ekki gildi fyrir en 1. janúar 2012.

Virðingarfyllst

Bjarni Pálsson  
deildarstjóri

Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri